

Ed.

1223. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 3. minni hl. menntamálanefndar.

Frv. til útvarpslaga var lagt fram á fyrstu dögum yfirstandandi þings. Frv. var rætt í neðri deild í sjö mánuði. Náðist ekki samkomulag í málinu og fram komu margar brtt. Við lokaafgreiðslu málsins í Nd. var frv. samþykkt með atkv. minni hl. deildarmanna.

Við umræður í Ed. hafa komið fram ýmsar athugasemdir við frv. Ekki er þó ágreiningur um að rýmkað skuli um útvarpsrekstur frá því sem nú er. Hins vegar greinir menn á um á hvern hátt skuli staðið að slíkri rýmkun.

Þeir, sem að þessu nefndaráliti standa, eru sammála um að ný útvarpslög eigi að stuðla að eflingu Ríkisútvarpsins, enda eru því lagðar ýmsar nýjar skyldur á herðar í hinu nýja frv., ef að lögum verður. Þeir eru þó ekki sammála um hve víðtækan rétt útvarpsstöðvar skuli hafa til að flytja auglýsingar. Haraldur Ólafsson flytur brtt. um þann lið og er auk þess óbundinn að fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Það er álit 3. minni hl. nefndarinnar að rétt sé að boðveitur, er flytji útvarpsefni, séu í eigu Pósts og síma og sveitarfélaga og hann treystir því að ákvæði þar að lútandi komi innan skamms í fjarskiptalög.

Það er mikilvægt að skýrt sé tekið fram að útsent efni sé á íslensku eða með íslenskum texta, og sé þar fylgt sömu reglum og Ríkisútvarpið fer eftir í dagskrá sinni.

Ætla verður að fyrirhuguð útvarpsréttarnefnd fái víðtækt umboð samkv. reglugerð til þess að fylgjast með framkvæmd frv. ef að lögum verður og leggi fram innan þriggja ára hugmyndir að nýjum útvarpslögum, þar sem tekið verði tillit til fenginnar reynslu af rýmkaðri útvarpsstarfsemi.

Að fullnægðum þessum skilyrðum mælir 3. minni hl. með því að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 10. júní 1985.

Haraldur Ólafsson,
form., frsm.

Ey. Kon Jónsson.

Árni Johnsen.